

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 347

desember 2024



We Serve

Desember 2024. Blað nr. 347
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku,
farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu
Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur
í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka
daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is


Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



Fjölumðæmisstjórn:



Geirbrúður Fanney Bogadóttir,
fjölumðæmisstjóri. Geirbrúður
er félagi í Lionsklúbbum Æsa.
Ef þú þarft að hafa samband
við hana þá er netfang hennar:
gfbogadottir@gmail.com



Inga Lóa Steinarsdóttir,
umðæmisstjóri í 109 A. Inga
Lóa er félagi í Lionsklúbbum
Freyju og er með
tölvupóstfangið
ingaloo75@simmet.is



Sumarliði Ásgeirsson,
umðæmisstjóri 109B.
Sumarliði er félagi í
Lionsklúbbs Stykkishólms.
Netfang Sumarliða er
fimmfiskar@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2024–2025

Fjölumðæmisstjóri: Geirbrúður Fanney

Bogadóttir, Lkl. Æsa

Umdæmisstjóri 109A: Inga Lóa

Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Umdæmisstjóri 109B: Sumarliði

Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

Vara fjölumðæmisstjóri: Anna Fr.

Blöndal, Lkl. Ylfa

Protokol- og þingstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi

Asgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Theodór

Francis Birgisson, Lkl. Selfoss

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,

Lkl. Kiddi (.is)

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (félagamál): Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

GST stjóri (verkefni) Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

ID Alþjóðastjórnarmaður 2023-2025:

Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganevnd (form.): Eldjárn Árnason,

Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarrson,

Lkl. Fjörgyn

Rauðu fjarðar stjóri: Baldur Ingi

Karlsson, Lkl. Hængur

Formaður Kjaransorðunefndar.

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Sigrún

Ólafsdóttir, Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumðæmisstjóri 109A: Thelma Rós

Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumðæmisstjóri 109B: Aðalsteinn

Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Einar

Hilmarrson, Lkl. Laugardæla

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2024 – 2025:

Alþjóðaforseti Fabrício Oliveira, Brazil;

Fyrrverandi alþjóðaforseti Dr. Patti Hill,

Canada;

Vara alþjóðaforseti, A.P. Singh, India;

Annar vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon,

United States;

Þriðji vara alþjóðaforseti Dr. Manoj

Shah, Kenya.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cunnning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masashi Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Halldór Kristjánsson, Ísland;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;

Anthony Paradiso, USA;

Katsuki Shirotsaka, Japan.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Brami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,

Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Iychus,

Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Friður á jólum –

Guðlaugur Albertsson ljósmyndari



Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er þriðja tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er bæði prentað
blað sem og netblað.

Blaðið er fjölbreytt að þessu sinni og er það vel.

Ég ætla að ítreka að gerðar hafa verið breytingar á birtingu minningargreina í blaðinu. Dánarfregnir verða birtar og þær
minningargreinar sem ég fæ sendar til mín birtar á heimasíðu undir „Minning“ - „Minningargreinar“.

Margar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa og má nefna hér nokkrar eins og frá Gunnhildi
frá Pieta samtökum, tveimur greinum frá Guðrínu Björt svo eitthvað sé nefnt. Klúbbafréttir eru á sínum stað og eins má nefna
auglýsingu um laus embætti á næsta starfsári sem ég hvet ykkur til að lesa og íhuga að bjóða ykkur fram í embætti fyrir
hreyfinguna. Eins er auglýsing um Leiðtogaskólann sem ég hvet ykkur að sækja ef þið hafið ekki þegar gert það.

Þeir sem sendu greinar í blaðið þakka ég fyrir þeirra framlag og eins öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Ég óska ykkur öllum kærnu lionsfélagar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakka fyrir samstarfið á árinu og hlakka
til áframhaldandi samstarfs á komandi ári.

Lionsblaðið er komið með nýtt netfang sem tekur gildi nú þegar og er lionsbladid@lions.is.

Netfang Lionsblaðsins er: lionsbladid@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Að grípa til aðgerða saman

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar,
Sem Lions erum við alltaf að leita nýrra leiða til að styðja samfélög okkar og gera gæfumun um allan heim. Ein áhrifamesta leiðin til að auka umfang okkar er með því að fjölga meðlimum okkar.

Hvert og eitt okkar kemur með einstaka ástríðu til að hjálpa öðrum, með rætur í sameiginlegum gildum okkar og framtíðarsýn okkar fyrir heim umbreyttan af samúð og aðgerðum. Við skulum beina þeirri ástríðu í að bjóða öðrum að taka þátt í þjónustu okkar.

Sérhver nýr meðlimur sem gengur til liðs við Lions fjölskylduna okkar kemur með ferska orku, færni og hugmyndir. Þeir styrkja verkefni okkar, auka áhrif okkar og hjálpa okkur að snerta enn fleiri líf. Saman margfaldast viðleitni okkar og áhrif okkar ná til mun fleirri.

Á þessu ári, með viðleitni þinni og stuðningi við MISSION 1.5, er ég þess fullviss að við getum þjónað fleiri fólki en nokkru sinni fyrr. Höfum áhrif og eflum samfélag okkar eins og aðeins lionsfélagar geta.

*Til þjónustu reiðubúinn,
Fabrício Oliveira
Alþjóðaforseti Lions*



Jólakveðja frá fjöllumdæmisstjóra

Geirprúður Fanney Bogadóttir,
Fjöllumdæmisstjóri MD 109



Kæru lionsfélagar.
Nú er aðventan gengin í garð og flestir farnir að huga að jólaundirbúningi. Margir Lionsklúbbar eru með verkefni tengd aðventu og jolum og það er ánægjulegt að lesa fréttatilkynningar og sjá myndir af Lionsfélögum að störfum. Verkefnin eru af ýmsum toga; uppsetning ljósa í kirkjugörðum, falletgar

útbúnar leiðisgreinar, glæsilegir sælgætiskransar, markaðir með alls kyns handverki og girnilegu bakkelsi, ljúffeng jólasíld, happdrætti, bingó, jóladagatöl og svo mætti lengi telja. Öll Lionsverkefni eru unnin í sjálfböðavinnu með það að markmiði að leggja öðrum lið og því miður er það staðreynd að þörfin er gríðarlega mikil.

Ég vil minna ritara allra klúbba á að skrá verkefni inn á Lion Portal og ekki hika við að leita aðstoðar hjá GLT-leiðtoga- og fræðsluteyminu eða á Lionsskrifstofunni, ef með þarf. Sumir klúbbar eru í þörf fyrir ný verkefni þar sem þau gömlu ganga ekki lengur, ýmissa hluta vegna. Ég vil benda klúbbum sem eru í þessari stöðu, á að hafa samband við GST-verkefnateymið okkar og fá aðstoð við að finna ný verkefni sem henta betur.

Eins og áður hefur komið fram þá hefur Magnea Skjalddal Halldórsdóttir, starfsmaður MedicAlert á

skrifstofu Lions, sagt upp starfi sínu frá og með 1. febrúar 2025. Það er mikil eftirsjá í Magneu, sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á MedicAlert, eftir 18 ára starf.

Það búrast yfir 70 umsóknir þegar starfið var auglýst og nú er búið að ráða Sæunni

Pórisdóttur, sem mun hefja störf 2. janúar n.k., og verða í starfsþjálfun þennan fyrsta mánuð ársins.

Kæru félagar. Hér í blaðinu er auglýsing um laus embætti í umdæmum og fjöllumdæminu fyrir næsta starfsár. Ég hvet Lionsfélaga til að bjóða sig fram til starfa utan klúbbsins síns. Það er mjög gefandi að kynnast og starfa með félögum alls staðar að af landinu og við erum öll að vinna að sama markmiði. Við leggjum lið – sterkari saman.

*Jólin, jólin alls staðar
með jólagleði og gjafirnar.
Börnin stóreyg standa hjá
og stara jólaljósin á.
Jólaklukka boðskap ber
um bjarta framtíð handa þér
og brátt á himni hækkar sól,
við höldum heilög jól.*

Jóhanna G. Erlingsson

Ég óska ykkur öllum gleðiríkrar hátíðar og gæfu á komandi ári.

*Geirprúður Fanney Bogadóttir,
fjöllumdæmisstjóri MD 109*

Skilafrestur á efni í næsta blað er 6. febrúar



Jólaþveðja til lionsfélaga frá LCIF teyminu

Kæru lionsfélagar.

Nú erum við komin inn í miðja aðventuna. Aðventuna, sem er undanfari jólahátíðar sem haldin er um allan heim og ekki bara í kristnum samfélögum. Orðið aðventa þýðir „koman“ eða „sá sem kemur“ sem vísar til eftirvæntingar eftir einhverju. Eftirvænting liggur sannarlega í loftinu í aðdraganda jóla og spenningurinn hrífur okkur með sér. Þörfin fyrir að gleðja aðra og njóta tilverunnar með ástvinum vekur upp okkar besta innri mann. Í hugum okkar flestra eru jólin tími friðar, gleði og góðra samskipta sem betur fer. Jólin gefa okkur líka tækifæri til að staldra við, hlúa að þeim sem eru okkur kærastir og veita okkur tækifæri til þess að sýna öðrum væntumþykju og verða þess sama aðnjótandi.

Jólin eru boðskapur um kærleika, gleði og frið á jörð – við megum ekki gleyma því í öllu jóla amstrinu.

Jólaþjósinn lýsa upp skammdegið og myrkrið, sem er þrúgandi fyrir marga, vikur fyrir birtu þeirra. Jólaþjósinn eru spiluð á öllum útvarpsstöðvum og við yljum okkur á súkkulaðibolla í bæjarferðinni þegar við leitum að gjöfum til að gleðja ættingja og vini.

Aðventan er einnig annríkasti tími ýmissa hjálparamtaka sem leggja sitt að mörkum til tryggja þeim gleðileg jól sem minna mega sín. Kærleiksboðskapur jólaanna gerir það að verkum að við erum líklegri til að gefa framlög til hjálparamtaka í aðdraganda jóla til hjálpar fólki sem er í neyð. Við viljum jú að allir eigi gleðileg jól.

Kæru lionsfélagar njótið jólaanna, gleði og samveru við fjölskyldu og vini. Við sendum ykkur kærar jólaþveðjur með þökk fyrir framlög ykkar til Alþjóðahjálparsjóðs Lions það sem af er ári – framlög sem bæta lífsgæði margra sem eru í neyð, berum jólagleðina áfram. Mannúðaraðstoð í sinni víðtækustu mynd er mikilvægasta verkefni okkar í Lions. Við tökum til óspilltra málanna í þeim verkefnum með hækandi sól á nýju ári.

Björn, Geirþrúður og Anna



Jólaþveðja frá umdæmisstjórum 109 A

Kæru Lions félagar,

Í tilefni að hátíð ljóss og friðar er í nánd viljum við óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Við þökkum fyrir óeigingjarnt starf ykkar, samstöðu og stuðning á árinu sem er að líða. Sem og allar yndislegu móttökur sem við höfum fengið í heimsóknunum til ykkar á árinu. Hefur það gefið okkur byr undir vængi um að gera betur og verða betri. Með sameiginlegum ástríðum og áherslum höfum við gert mikið til að bæta samfélagið okkar, og erum við ykkur óendanlega þakklát fyrir hversu miklu við höfum áorkað miklu á árinu.

Megið þið njóta hátíðanna í faðmi fjölskyldu og vina, með frið, gleði og kærleik í hjarta.

Við hlökkum til að halda áfram för okkar saman á komandi ári, og höldum áfram að leggja okkar af mörkum til að bæta samfélagið og heiminn enn frekar.

Hátíðarkveðjur,

Inga Lóa Steinarsdóttir, umdæmisstjóri

Thelma Rós Kristinsdóttir, vara umdæmisstjóri

Einar Hilmarsson, annar vara umdæmisstjóri

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Að finna leið

Sumarliði Ásgeirsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Hugur minn er við upplifun í síðastliðnum nóvembermánuði. Lionsmenn í Stykkishólmi rölta af stað í árlega dagatalssölu. „Mitt“ hverfi eru fjórar götur og það tekur rúmlega klukkustund fyrir tvo að ganga hús úr húsi og selja bæjarbúum dagatal Lionsklúbbs Stykkishólms fyrir árið 2025. Lionsfélagi minn sem venjulega gengur með mér í hverfinu mínu er fjarverandi í þetta skiptið og sá ég fram á að rölta þetta einn þegar lionsfélagi í næsta hverfi hefur samband og vantar verkefni. Það er skemmst frá því að segja að við mælum okkur mót klukkan 19:00 í miðju hverfinu og þá er þægilegt að labba hring þar sem við myndum fara saman í hvert hús, en ekki labba götuna sitthvoru megin eins og venjulega. Lubbi leiðsöguhundur og eigandi hans bíða eftir mér á bílplaninu í miðju hverfisins. Eigandi leiðsöguhundsins er Sigbór Unnsteinn Hallfreðsson formaður Blindrafélagsins og

fráfarandi gjaldkeri Lionsklúbbs Stykkishólms. Sigbór er lög blindur. Ég hef ekki farið í göngu með Sigbóri fyrr með hundinum, þó við höfum oft gengið til rjúpna hér áður fyrr eða upp úr 1980 og kafað um undraheima Breiðafjarðar ásamt því að hafa háfað lunda í Ljótunshólma og Vaðstakksey. Við Sigbór stofnuðum skotveiðifélag saman og þessi lög blindi, Sigbór, var með ágæta sjón þá en var byrjuð að hraka. Við Sigbór vorum líka vinnufélagar á Hótel Stykkishólmi þar sem hann var þjónn og ég kokkur. Í janúar 1987 sitjum við eftir hádegi í matsalnum og spjöllum þegar rafmagnið fer af en það var ekki óalgengt á þessum árum. Þegar rafmagnið fór fer eldvarnarkerfið að væla og ég stend upp og fer til að ýta á takkann til að slökkva vælið og þarf að ganga í gegnum endilangt eldhúsið að töflunni. Þegar ég geng í rökkrunu í átt að stjórnstöðinni og sveigi framhjá hjólavagni með leirtaui, hitaborðinu og kaffikönnunni þá heyrir ég skruðninga og læti, þar sem Sigbór gengur á allt sem fyrir verður. Hrörnunarjúkdómur í augnbotnum veldur því að Sigbór var orðinn mjög náttblindur og sá því ekkert frá sér í myrkrinu.

Nóg um það og förum aftur til dagsins í dag og þarna stendur Sigbór og Lubbi í rökkrunu og bíða eftir mér. Göngum við nú af stað út Hjallatangann, ég með dagatölin og Sigbór og Lubbi með innlagnarmiðana. Við kjöftuðum náttúrulega frá okkur allt vit á göngunni milli þess sem við bönnuðum og dingluðum í hverju húsi. Það var ekki fyrr en við vorum komnir í næstu götu að ég fer að taka eftir snilli Lubba. Sjálfur á ég vel þjálfaðan fjárhund og geri mér ágætlega grein fyrir hæfileikum hunda, en þetta er eitthvað allt annað. Að „finna leið“ er frasi sem ég heyrði nokkrum sinnum þetta

kvöld. Ég stytta mér til dæmis leið yfir limgerði að næstu hurð og þá heyrir ég sagt „finna leið“. Lubbi stoppar við runnann og snýr við og leiðir Sigbór örugga leið út á gangstétt og heim að næstu hurð þar sem ég stóð og dáðist að samvinnu félaganna og hugsaði um mikilvægi Lion og Rauðfjaðrar-söfnunarinnar þar sem safnað var fyrir leiðsöguhundum fyrir lög blindi. Það má geta þess að við eina nýbyggingu var ekkert góð lýsing, þar var ég hnjóandi og labbandi á hluti en Sigbór og Lubbi gengu þar um eins og herforingjar vandræðalaust.

Á nýju ári förum við af stað með Rauðfjaðrar-söfnun í samstarfi við Píeta samtökin og veit ég að máttur og megin lionsfélaga í því verkefni mun skipta sköpum í stuðningi við Píeta samtökin sem eru að fást við erfið og alvarleg mál. Ég veit að lionsfélagar munu snúa bókum saman og selja Rauðfjöldur og safna fé fyrir Píetasamtökin. Píetasamtökin veita meðferð fyrir þá sem eru í sjálfsvígshættu eða sjálfsskaða og stuðning við aðstandendur þeirra og aðstandendur sem hafa misst. Við sem þjóð höfum ekki efni á að missa unga fólkið okkar. Píetasamtökin eru að ná árangri og nota einungis fagfólk í meðferðarúræðum sínum. Ég fæ að ganga með Sigbóri og Lubba þegar mér hentar og kannski verð ég í þeirri aðstöðu einhver ungur einstaklingur sem hefur fengið aðstoð hjá Píeta leiði mig yfir götuna eftir 20 ár.



Draumar, óskir og þrár - vonin

Inga Lóa Steinarsdóttir,

Umdæmisstjóri 109 A



Von er ein af grundvallartilfinningunum sem móta líf okkar. Hún er ekki bara hugmynd eða óljós von um eitthvað betra, heldur er hún orka sem veitir okkur styrk til að halda áfram, jafnvel þegar okkur líður eins og við séum að mæta hindrunum. Von er lífsnauðsynleg, því hún veitir okkur tilgang og trú á að framtíðin og við getum orðið betri.

Í sinni einföldustu merkingu er von, trú á að eitthvað gott eða eitthvað muni gerast í framtíðinni, þó við vitum ekki nákvæmlega hvernig það mun fara fram. Von er ekki einungis daglegur eiginleiki heldur er hún einnig áþreifanleg í augnablikum þegar við erum í erfiðum aðstæðum. Hún hefur þann eiginleika að hvetja okkur áfram, jafnvel þegar við sjáum engin ljós við endann á gögnunum.

Von er einnig mikilvæg í vísindalegu samhengi, þar sem hún hefur áhrif á líkamlega heilsu og andlega vellíðan. Rannsóknir hafa sýnt að fólk sem hefur von og trú á framtíðina upplifir oft minni streitu og er betra standi í að takast á við erfiðleika. Að hafa von um að eitthvað betra er framundan, veitir okkur styrk til að fara í gegnum lífsins áskoranir.

Von er mikilvæg þegar kemur að samfélaginu okkar og sameiginlegri baráttu. Á tímum ótta og óvissu er það oft vonin um betri framtíð sem sameinar okkur og veitir okkur samstöðu. Hún býr til samfélag sem stendur saman og deilir markmiðum sínum. Á tímum stríðs, náttúruhamfara eða efnahagskrísu þá er það vonin sem heldur áfram að knýja fólk til að berjast fyrir betri heimi fyrir sig og sína.

Von getur verið mikilvægur hvati til sjálfsræktar. Þó að von sé oft tengd við ytri aðstæður, eins og samfélagslegan eða efnahagslegan bata, þá er hún einnig mikilvæg til að viðhalda innri styrk okkar. Hún útskýrir hvers vegna við höldum áfram að bæta okkur, óháð því hversu mörg mistök við gerum. Vonin um persónulegan vöxt og þróun hjálpar okkur að sigrast á óvissu og skapar tækifæri til sjálfsbættrar og heldur á lífi draumum, óskum og þrám.

Á heildina litið er von ekki bara trú á eitthvað betra heldur er hún einnig hvatning til að lifa með tilgangi. Hún heldur okkur á ferðinni þegar við mætum hindrunum og býr til von um betri framtíð fyrir okkur öll, hvort sem við erum að takast á við persónulegar áskoranir, félagslegar breytingar eða heimsfaraldra. Vonin er ekki bara hugmynd, hún er kraftur sem lifir í okkur öllum og veitir okkur það sem við þurfum til að halda áfram.

Munið draumar, óskir og þrár geta ræst!

RAUÐ FJÖÐUR 3.-6. apríl 2025

Baldur Ingi Karlsson,

Formaður Rauðu fjaðrar
nefndar MD109 2024-25



Eitt af okkar stóru verkefnum síðustu áratugina eða allt frá 1972 er sala á Rauðri Fjöður. Í þessu verkefni sameinast lionsfélagar á öllu landinu og vinna að

sameiginlegu verkefni, sem hefur haft það að markmiði að bæta okkar samfélag.

Árið 2025 er Rauðu Fjaðrar ár og þá ætlar lionsfólk á Íslandi að snúa bókum saman og selja Rauðar Fjaðrir um allt land. Söfnunin fer fram 3.-6. apríl 2025 og ég biðla til allra klúbba og lionsfélaga landsins að taka helgina frá og fara strax að huga að því hvar og með hvaða hætti klúbbar ætla að selja Fjöðrina þetta árið, hvað getum við gert betur en síðast og hvar liggja okkar möguleikar í að selja fleiri Fjaðrir.

Á Lionsþinginu á Álftanesi í vor var kosið um það að söfnunin 2025 verði í samvinnu með Píeta samtökunum og að allur ágóði af verkefninu renni til átaksverkefnis sem samtökin ætla að ráðast í haustið 2025. Um er að ræða vitundarvakningu fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára til að opna á umræðuna um sjálfsvígs-hugsanir og geðheilbrigði hjá ungu fólki. #segduþaðupphatt

Strax á nýju ári fer af stað kynningarstarf á verkefninu og á samstarfi Lions á Íslandi og Píeta, síðan þegar nær dregur förum við að leggja áherslu á að gera söfnunni sjálfri skil og það er í okkar höndum að þetta efni fái góða dreifingu og ég biðla því til allra að deila, því efni sem Píeta og Lions á Íslandi setja inn, á samfélagsmiðlum okkar og klúbbanna okkar.

Á nýju ári þegar hjólin fara að snúast á fullu verðið þið síðan reglulega upplýst um stöðu mála og hvað sé framundan.

Með bestu kveðju
Baldur Ingi Karlsson





Leiðtogaskóli Lions 2025

Vertu sterkari einstaklingur og leiðtogi!

**„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér.
Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar
spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“**

Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2024

**14., 15. og 16. febrúar 2025,
þriggja daga helgi**

Staður: Lionsheimilið, Hlíðasmára 14,
Kópavogi

Verð: Þátttökugjald er 19.000,-
Allt innifalið í verðinu.
Umsóknarfrestur er til 8. febrúar 2025.

*Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta
þátttökugjalds eða allt.*

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði reyndir og óreyndir félagar á öllum aldri, stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. Þetta er mjög þroskandi nám sem eflir þig sem einstakling og starfsmann. Kennt er á íslensku með íslenskum gögnum.

Marmið námsins: Að þjálfra einstaka leiðtogahæfileika til að yfirstíga hindranir og búa til tækifæri til framfara.

Helstu námsgreinar: Fjölbreytileiki//Að virkja og hvetja//Þátttaka í teymi//Markmiðasetning//Að leysa ágreining//Innleiðing breytinga//Áhrifaríkur ræðuflutningur//Bakland Lions//Tímastjórnun//Virk hlustun og samskipti//Eigin markmiðsyfirlýsing//Skapandi hugsun.

Skráning hjá Halldóri Kristjánssyni, GLT stjóra, sími: 893 0090, halldor@tv.is.

Skráningu þátttöku má finna á slóðinni <https://forms.office.com/e/V2WvJryA7F>.

Vertu stjórnandi framtíðar!

**Náðu árangri! ... Vertu í fararbroddi í samfélaginu!
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

Fréttir frá Lionsklúbbnum Fjörgyn



Þann 14. nóvember hélt Lkl.Fjörgyn tónleika til styrktar Barna og unglinga geðdeildar LHS og var það í 20. skiptið sem þeir eru haldnir.

Það að halda úti tónleikum sem þessum í tuttugu ár er ákveðinn áskorun og því bar að fagna. Af því tilefni heiðruðum við félagi okkar Vigfús Þór Árnason með gullpinna Kjarans-orðunnar því segja má að hann sé guðfaðir þessa verkefnis auk þess að vera einn af stofnfélögum klúbbsins en það er vegna tengsla hans við margt okkar besta tónlistarfólk sem gerði okkur kleift að ráðast í þetta verkefni í upphafi. Eins og oft hefur komið fram hjá okkur þá hefur tónlistarfólkið gefið alla sína vinnu í þessi 20 ár og erum við fullir þakklætis fyrir þeirra framlag. Tónleikarnir tókust í alla staði mjög vel enda komið gott skipulag á þetta verkefni okkar og er það okkur mikil ánægja að finna þakklæti og ánægju hjá gestum okkar.

Nóvembermánuður er tengdur vitund um sykursýki og varnir gegn þeim sjúkdómi. Lionsklúbbarnir Fjörgyn og Fold buðu þess vegna fríar blóðsykurmælingar í anddyri Húsgagnahallarinnar á Bíldshöfða laugar-daginn 16. nóvember síðastliðinn.

Alls voru mældir 431 einstaklingur sem skiptist þannig að það voru 247 konur og 184 karlar sem þáðu mælingu og voru þau á aldursbilinu 9 – 92 ára og mæligildi frá 3,4 til 16,5 og þeir sem mældust með of há gildi fengur ráðgjöf frá fagaðila.

Guðmundur Helgi Gunnarsson
Formaður 2024-2025



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Úr myrkrinu í ljósið

Nú þegar dimmasti tími ársins gengur yfir er kveikt á ljósi í fallegu húsi í hjarta Reykjavíkur, á Amtmannsstíg þar sem Píeta samtökin eru til húsa. Samtökin bjóða upp á aðgengilega og gjaldfrjálsa meðferð fyrir fólk með sjálfsvígshugsanir og stuðning fyrir aðstandendur þeirra og aðstandendur sem hafa misst. Lögð er áhersla á stuttan biðtíma, heimilislegt umhverfi og hlýjar móttökur.

Það er nóg að gera hjá samtökunum allan ársins hring og verkefnin fjölbreytt. Gangan „Úr myrkrinu í ljósið“ fer fram árlega á dimmasta degi ársins þann 21. desember. Við vitum það að þegar dimmt er yfir er fátt betra en að tendra lítið ljós. Ljósið er samnefni fyrir vonina. Píeta starfar eftir þeirri hugmyndafræði að það sé alltaf von, þá skiptir engu hversu erfitt lífið getur orðið að þá er alltaf von. Margir upplifa að það sé engin von og vita jafnvel ekki að það sé hjálp að fá eða hvar hana er að finna. Vonin er alltaf til staðar þó hún reynist okkur á stundum æri vandfundin.

Við vitum að vandamálin stækka venjulega í þögninni. Píeta veitir skjól til að koma með hugans flóru upp á yfirborðið - alveg sama hve stór vandinn virðist vera þá opnast möguleiki á að smíða eitthvað nýtt með því að rjúfa þögnina. Fólk með sjálfsvígshugsanir upplifir gjarnan mikla skömm og telur sjálfsvígshugsanir bera merki um veikleika, það veldur því að fólk opnar síður á líðan sína eða leitar sér aðstoðar. Sjálfsvígshugsanir eru fyrst og fremst merki um sársauka og erfiðleika við að mæta honum.

Meðferðarstarf Píeta samtakanna gengur út á það að hjálpa fólki að finna aftur von og tilgang. Fyrsta skrefið er að opna á vandann og þá skiptir öllu máli að hlusta af nærgætni á þann sem líður illa. Það er nefnilega ekki sama hvernig við hlustum á aðra. Það skiptir máli að við upplifum að viðkomandi sé raunverulega til staðar, finnum fyrir samkennd og skilning án allra dóma. Við erum félagsverur og það gerast töfrar þegar við náum að finna raunverulega fyrir nærveru annarra, tengsl eru okkur mikilvæg og það að aðrir láti líðan okkar sig varða skiptir sköpum. Með nærveru getum við öll gert mikið gagn.

Það skiptir einnig miklu máli að kenna börnum og ungmennum að tala um tilfinningar og þá þarf fullorðna fólkið að gefa sér rými, staldra við og hlusta á börnin. Vera til staðar. Viðurkenning á öllum tilfinningum er grunnurinn þar og öruggt rými til að opna á hvaða líðan sem upp kemur. Við þurfum öll að vinna saman að bættu geðheilbrigði sem er undirstaða lífsgæða.

Velvilji almennings í garð starfsemi Píeta samtakanna er ómetanlegur og gerir það að verkum að samtökin geta sinnt lífsnauðsynlega meðferðar- og stuðningsstarfi. Það er ljóst að þessi vandi snertir marga á beinan eða óbeinan hátt og aðsóknin sýnir okkur að þörfin fyrir þessi mikilvægu samtök er brýn.

Gunnhildur Ólafsdóttir sálfræðingur og fagstjóri Píeta.

„Það er
ALLTAF
von“



NÝTT: Friðarganga Lions í Evrópu

Frábært tækifæri fyrir eldhressa Lionsfélaga sem elska að ferðast

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrrv. Alþjóðaforseti Lions



Friður á jörðu

Fyrsta markmið lionsklúbba er að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims. Lions leggur lið í stríðshrjáðum löndum, veitir neyðaraðstoð, m.a. lyf og læknishjálpi í samvinnu við Alþjóðahjálparsjóð Lions og tekur þátt í enduruppbyggingu. Lions stuðlar að friði, m.a. með því að vekja til umhugsunar, að auka umræðu og friðaruppeldi og friðarmenningu í heiminu. Má þar nefna Alþjóðlega samkeppni Lions um friðarveggspjöld fyrir 11-13 ára börn, en um 600.000 börn taka þátt árlega; s.l. 3 áratugi.



NÝTT: Gengið til friðar

Lions á Ítalíu kynnti á dögunum nýtt verkefni, sem allir lionsfélagar í Evrópu geta tekið þátt í.

Markmiðið er að efla friðarmenningu í Evrópu og efla gagnkvæman skilning og

sameiginlegt átak til að stuðla að friði og skilningi meðal þjóða heims. Friðarganga Lions í Evrópu verður næsta sumar, eða á tímabilinu mars - september 2025 og er frá Tallinn til Rómar.

Lionsfélagar eða lionsklúbbar geta gengið á sínum eigin forsendum, eins og þeim hentar best, en mikilvægt er að tengjast öðrum félögum á leiðinni, kynnast nýju fólki sem gengur þessa leið og tengjast heimamönnum í löndum sem gengið er um, og ræða sameiginleg hugðarefni og leiðir til að stuðla að friði.



Romea Strata

Gengið er þessa fornfrægu leið „Romea Strata“, sem er tilnefnd sem menningarleið Evrópu-ráðsins.

Þessa leið gengu pílgrímar frá Mið- og Austur-Evrópu á leið sinni til Rómar. Þeir fóru frá Eystrasalti um Eistland, Lettland, Litáen, Pólland, Tékkland og Austurríki, síðan yfir Alpna í bæinn Tarvisio í norðaustur Ítalíu og enduðu svo í Róm á Ítalíu. Alls er þetta 4.044 km og fer um sjö Evrópulönd.



Hvernig?

Það er hægt að ferðast gangandi, á reiðhjól og jafnvel á hestbaki, og njóta kyrrðar og friðar á fallegum stöðum á leiðinni. Það er hægt að skipuleggja viðburði á helstu áfangastöðum.

Þessir viðburðir ættu að tengjast þemanu um friðar og að hvetja til umræðna og stuðla að góðum tengslum milli mismunandi hópa og þjóða, þ.e. „að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims“.



Lions getur markað spor

Á meðan á göngunni stendur geta lionsfélagar líka staðið fyrir menningar-, lista- og íþróttaviðburði í löndum, sem ekki tengjast Romea Strata, til að efla friðarmenningu í fleiri löndum; t.d. í sínu eigin landi. Að taka þátt í verkefninu sem slíku, að ganga til friðar, eflir andann og bætir heilsuna, gefur kost á að njóta fallegar náttúru og að tengja fólk vinaböndum. Þetta er tækifæri til rækta vináttu við fólk sem hefur annan bakgrunn, trú og siði en við sjálf. Við náum markmiðum margra verkefna Lions með þessari göngu.

Nánari upplýsingar veitir DG Ghaleb

Ghanem, umdæmisstjóri 108 TA2

Netfang: g.ghanem57@gmail.com

Sími: +393491337116 (WhatsApp)



Átak í félagamálum og styrkur frá alþjóðaskrifstofu Lions

Jón Pálmason,
GMT félagastjóri



Eins og vonandi margir vita þá er í gangi mikilið átak í félagamálum, sem kallað er Mission 1.5, þar sem Lions á heimsvísu vinnur að því að fjölga félögum úr núverandi 1,4 milljónum félaga í 1,5 milljón fyrir árið 2027.

Í bréfi sem Halldór Kristjánsson alþjóðastjórnarmaður sendi á alla lionsfélaga á dögnum er hvatning til félaga að taka með sér gesti á klúbbfundum. Þar með fái fleiri tækifæri á að taka þátt í frábæru starfi Lions. Tek undir þessa hvatningu.

Lions á Íslandi vinnur nú þegar að þessum markmiðum og hefur sett sér að stofna að minnsta kosti 4 nýja klúbba á árinu. Auk þess hvetjum við klúbba til að fjölga félögum í sínum klúbbum, með því meðal annars að bjóða fólki með sér á fundi.

Vinnu við fjölgunarmál fylgir kostnaður og

til þess að eiga meiri von um að markmið okkar náist sóttum við um styrk til þessa verkefnis frá alþjóðaskrifstofu Lions. Styrkurinn sem sótt var um er 4500\$ sem getir um 619 þús. kr. og þurfum við á Íslandi að leggja þriðjung á mót. Nú í vikunni fengum við svo bréf þessa efnis að styrkurinn er veittur.

Nú þarf að bretta upp ermar, auka kynningu á Lions og taka inn nýja félaga bæði í nýja- og í starfandi klúbba.

Minni á að klúbbar geta fengið aðstoð við að gera greiningu á starfinu sínu með það að markmiði að efla starfið.



Fréttir af Lionsklúbbnum Eir



Nýjar félagskonur í Lkl Eir frá vinstri: Guðný Inga Ófeigsdóttir, Auður Jacobsen, Jónína Gunnarsdóttir.



Söfnun birkifræja.



Lionsklúbburinn Eir heldur áfram að bæta við félögum.

Þann 4. nóvember sl. tókum við inn 3 nýja félaga, Auði Jacobsen, Guðnýju Ingu Ófeigsdóttur og Jónínu Gunnarsdóttur. Nú eru félagarnir orðnir 10 og stefnum á að verða fleiri.

Laugardaginn 26. október sl. héldu nokkrir vaskir félagar ásamt hundinum Lukku í Víðistaðahlíð til að safna birkifræjum. Hver og einn félagi fyllti einn heilan bauk sem verður að teljast vel af sér vikið enda hópurinn samhentur og kröftugur. Birkifræjunum var svo skilað á móttökustað fyrir söfnun Lands og skógar.

Þann 18. nóvember sl. vorum við með blóðsykursmælingu frá kl. 10-15 í húsnæði Rannís í Borgartúni 30. Markhópurinn var starfsfólk og gestir Rannís sem og annað starfsfólk og gestir annarra fyrirtækja í húsinu. Alls voru mældir 85 manns. Þetta eru miklu færri en við höfum

mælt undanfarin ár en þá höfum við verið staðsettar í BYKO í breiddinni. Skipulagið verður endurskoðað fyrir næsta ár.

Ekki hefur gefist mikil tími til fjáröflunar þessa síðustu mánuði.

En Lkl. Eir keypti 100 jólasokka sem við skiptum á milli okkar til að selja. Ennfremur þrjónuðu nokkrar dugnaðarkonur í klúbbnum okkar litlar jóla húfur sem hægt er að setja á vínflösku eða á egg í eggjabikar. Sokkarnir og húfurnar buðum við líka til sölu í blóðsykursmælingunum.

Þann 9. desember er svo jólagleðin okkar á Kringlukuránni með mat og tilheyrandi skemmtan.

Fréttamolar frá Lkl. Æsu, Njarðvík



Merki Lkl. Æsa.



Vinningarnir í bingóinu.



Stjórn Lkl. Æsu, starfsárið 2024-25, Edda Rún gjaldkeri, Sigfríð ritari, Guðrún Snæbjört formaður og Brynja Vigdís stali.



Fjölumðæmisstjóri Geirprúður Fanney Bogadóttir afhendir klúbbum fánann sinn.



Konur á fullu að fylgjast með hvaða tölur koma upp.



Eftirrétturinn á Vinkonukvöldinu, bleik terta í formi slauðu.



Séð yfir hluta af salnum á Vinkonukvöldinu.

Við í Lkl. Æsu, Njarðvík höldum 2 fundi í mánuði 1 og 3 þriðjudag hvers mánaðar. Á þeim fyrri er venjulega hefðbundinn fundur en sá seinni köllum við millifund en þá förum við og gerum okkur eitthvað til gamans og/eða skemmtunar. Skoðum hina ýmsu staði og fræðumst um starfið þar.

3. sept. Fyrsti fundur starfsársins 2024-2025. Allar svo glaðar að hittast að nýju. Vel mætt af félagskonum og 4 gestir. Stjórnin afhenti nýju félagabókina, farið var yfir reikninga síðasta starfsárs og ákveðið félagsgjaldið fyrir árið. Eftir matarhlé mætti gestur kvöldsins, Sigríður Pálína Arnardóttir sem fræddi okkur um skaðaminnkandi þjónustu – Lyfjastoð sem þau hafa verið frumkvöðlar að, en tilgangur verkefnisins er að tryggja öryggi, fræðsla til sjúklinga kemur frá lyfjafræðingi, það minnkar álag á stofnanir, bætir fjöllyfjameðferð þar sem lyfjafræðingur fer yfir alla lyfjanotkun og bætir öryggi í notkun áhættusamra lyfja. Geirprúður Fanney Bogadóttir fjölumðæmisstjóri bað um orðið og afhenti Æsum fjölumðæmisfánann sinn, hennar kjörorð eru „Við leggjum lið – sterkari saman“ hún hefur alltaf verið talsmaður teymisvinnu, samvinna gerir okkur kleift að áorka svo miklu meira.

17. sept. var fyrsti millifundur starfsársins 2024-25. Stjórnin sá um fundinn og ákváðum við að halda bingó fyrir félagskonur. Vel mætt var á fundinn af félagskonum og nokkrir gestir mættu líka. Mikið stuð, hlegið, gantast og konur ánægðar með þennan fund.

4. okt. Föstudaginn 4. okt. höldum við í Lkl. Æsu okkar árlega vinkonukvöld. Að sjálfsögðu var bleikt þema. Margt var gert sér til skemmtunar, við fengum Höllu Karen til að vera veislustjóra, Elísa Hildur Þórðardóttir og Selma Hafsteinsdóttir í Bergmál komu og einnig var hjá okkur trúbador sem heitir Róbert Andri. Við vorum með

happdrætti að venju en allar félagskonur gefa 1-2 vinninga hver. Í þetta skiptið fór ágóðinn til „Ljóssins“ en Sólveig Kolbrún Pálsdóttir Markaðs- og kynningarstjóri kom og sagði okkur frá starfsemi Ljóssins og mikilvægi þess. Við viljum þakka öllum þeim konum sem mættu og áttu með okkur þessa skemmtilegu kvöldstund.

15. okt. Lkl. Æsa hélt sinn annan millifund starfsársins þann 15. okt. sl. Kom það í hlut stjórnar að skipuleggja hann og fengum við þær stöllur Margréti Þóru og Helgu Margréti frá Skartgerðinni til að mæta með allt sem þarf til að búa til hálsfestar, armbönd og/eða eyrnalokka. Konur skemmtu sér hið besta og fóru heim ánægðar með afrakstur kvöldsins. Óhætt að mæla með að halda svona fund.

5.nóv. Var þriðji formlegi fundur starfsársins. Þar var samþykktur styrkur sem klúbburinn veitti til HSS vegna kaupa á skynörvunarstól að upphæð 400.000 kr. ásamt Lkl. Njarðvíkur og Lkl. Freyju, Keflavík. Gestu kvöldsins var Inga Dóra Jónsdóttir Teymisstýra/Project Manager með kynningu á Suðurhlíð, þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Suðurnesjum. Markmið og tilgangur Suðurhlíðar er: að bæta samþættingu þjónustu með því að vera með einstaklingsviðtöl, ráðgjöf og efla fræðslu. Margar spurningar vöknudu hjá konum eftir ávarpið. Mjög áhugavert erindi. Formaður verkefnanefndar kom og sagði okkur frá nokkrum verkefnum sem klúbburinn kemur að, söfnun á birkifræjum, gleraugnasöfnun, sykursýkismæling sem verður hjá Nettó þann 15. nóvember og Bocciamótið sem verður haldið 4. janúar og stefnt er á að hafa 3 lið eins og venjulega. Gjaldkeri sagði frá því að 500.000 kr. hefðu safnast á vinkonukvöldinu til styrktar Ljósinu. Geirprúður Fanney kom með þá tillögu um að klúbburinn myndi borga 50 dollara fyrir hvern félag, nafngreina þá og þar með gera klúbbinn að 100%



Eyralokkar sem einn félaginn hannaði fyrir sig.



Armband frá öðrum félaga.



Formaður ásamt gesti kvöldsins, Inga Dóra Jónsdóttir Teymsstjóri frá Suðurhlíð.



Nokkrar Æsur að versla.



Enn meira verslað.



Félagskonur.



Verið að afhenda styrkinn frá Vinkonukvöldinu til Ljóssins.



Formaður ásamt Halldóru Lúthersdóttur og Eddu Láru Guðgeirsdóttur sem fengu Kjarans gullmerki í tilefni af 70 ára afmælinu sínu.



Formaður ásamt nýju félögum okkar Salbjörg Björnsdóttir og Ragnhildur Magnúsdóttir ásamt meðmælandanum Halldóru Halldórsdóttur.

styrktarklúbbi LCIF. Ritari sagði frá svæðisfundi sem hún mætti á f.h. klúbbsins, þar mætti Björg Bára Halldórsdóttir ungmennaskiptastjóri, til að ræða um ungmennabúðir 2025 og hvort klúbbarnir á svæði 5 vildu halda þær. Formaður bar upp þessar 2 tillögur sem bárust og voru þær samþykktar.

19. nóv. Var þriðji millifundurinn og í þetta sinn sá skemmtinefnd um fundinn. Fengu þær Gallerí Keflavík til að taka á móti okkur og fundu margar konur eitthvað fallett sem pössuðu þeim. Þær buðu upp á léttar veitingar og gáfu okkur afslátt sem var vel þeginn.

22. nóv. Þann dag færði Lionsklúbburinn Æsa úr Njarðvík, Ljósinu rausnarlegan styrk að upphæð 500.000 krónur. Afhendingin fór fram í húsakynnum Ljóssins þar sem fulltrúar Lionsklúbbsins afhentu framlagið formlega. Ljósinu hefur lengi verið falið mikilvægt hlutverk í lífi þeirra sem glíma við krabbamein og fjölskyldna þeirra og mun styrkurinn koma að mjög góðum notum. Formaður Lionsklúbbsins Æsu, Guðrún Snæbjört, sagði í stuttu ávarpi að stuðningur við málefni sem efla lífsgæði samfélagsins sé eitt af aðalmarkmiðum klúbbsins. „Við erum stolt af því að styðja Ljósinu í þeirra mikilvægu starfi og vonum að framlagið muni nýtast vel,“ sagði hún. Erna Magnúsdóttir,

framkvæmdastýra Ljóssins, tók á móti styrknum með miklum þakklæti og lagði áherslu á að stuðningur af þessu tagi væri ómetanlegur. Lionsklúbburinn Æsa hefur lengi verið virkur þátttakandi í góðgerðarstarfi og hefur í gegnum árin veitt fjölmörgum málefnum dýrmætan stuðning. Styrkurinn í dag er enn ein staðfesting á óeigingjörnum störfum klúbbsins til samfélagsins.


3. des. Þriðjudaginn 3. des. var jólafundurinn hjá okkur í Æsunum. Að venju var hann hátíðlegur enda fengum við allan þakann, jólahugvekju, jólamat, jólasöng, jólapakka og síðast en ekki síst þá tókum við inn 2 nýjar konur, þær heita Salbjörg Björnsdóttir og Ragnhildur Magnúsdóttir. Við gáfum Gull Kjaransmerki til 2ja heiðurskvenna þeirra Eddu Láru og Halldóru Lúthers en það er hefð fyrir því hjá okkur að gefa Kjaransmerki þegar að konur eiga stórafmæli, brons þegar við verðum 50 ára, silfur þegar við verðum 60 ára og gull þegar við verðum 70 ára. Í alla staði góður fundur og konur fóru glaðar heim.


Sigfríð Andradóttir
Ritari í Lkl. Æsa, Njarðvík

Desember – myndasíða

■ Bryndís McFadden Ragnarsdóttir

■ Friðgeir Guðmundsson





Lionsklúbburinn Ásbjörn

Fréttir frá klúbbstarfinu haustið 2024



Alþjóðaforseti heimsækir Ásbirninga.



Halldór Kristjánsson og alþjóðaforseti.



Halldór afhendir formanni viðurkenningu frá alþjóðaforseta.



Jólagjöfum til mæðrastyksnefndar.



Bingó á DAS.

Félagsstarfið

Fundir hafa verið haldnir tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja fimmtudag og hefjast kl. 19.00. Fundarstaður er Kænan veitingahús. Stundum er þó farið í heimsókn í aðra klúbba eða til fyrirtækja. Nú er klúbburinn þess heiðurs aðnjótandi að eiga mann í alþjóðastjórn Lions, því að á síðasta alþjóðaðingi var félagi okkar Halldór Kristjánsson kjörinn í alþjóðastjórn og erum við afar stoltir af honum.

Fjölgun

Í upphafi starfsárs voru teknir inn 5 nýir félagar og eru nú starfandi 42 félagar. Vonast er til að við náum að fjölga enn frekar það sem eftir er starfsárs.

Verkefni

Tökum á móti alþjóðaforseta ásamt fulltrúum frá fjöllumdæminu þann 28. október í skógræktarreit klúbbsins í Sléttuhlíð fyrir ofan Hafnarfjörð. Þar gróðursetti hann tré eins og allir nema einn alþjóðarforsetar hafa gert frá 1999. Þáði hann veitingar sem klúbbfélagar báru fram. Var hann ánægður með þessa heimsókn og stoltur af sínu tré og sagðist ætla að fylgjast með því í framtíðinni. Klúbbfélagar hafa tvisvar það sem af er starfsárinu heimsótt heimilisfólk á Hrafnistu í Hafnarfirði, spilað við þau bingó og gefið vinninga. Þetta verkefni er í samstarfið við

Lionsklúbbinn Kaldá og hefur mælst vel fyrir. Alzheimersamtökunum voru nú í haust færðar gjafir og þeim færður peningastyrkur ásamt billiardborði sem verður afhent fyrir jólin. Haldinn var fjölmennur fundur með börnum og barnabörnum þar sem útbúnar voru jólagjafir til að afhenda Mæðrastyksnefnd, sem sér um að koma þeim til rétttra aðila fyrir jólin.

Fjáraflanir

Haldið var kótilettukvöld í október og fór hátíðin fram í Haukahúsinu. Mættu um 130 manns og var ágóða varið til styrktar Alzheimer-samtökunum og Mæðrastyksnefnd, Undirbúningur er í fullum gangi að undirbúa okkar aðal fjáröflun sem verður haldinn fyrsta föstudag í mars eins og við höfum gert á hverju ári frá 1. Mars 1989.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Lionsklúbburinn Ásbjörn.



LJÓNIN FAGNA
GÓÐGERÐAR
KVÖLDVERÐUR

Á HERRAKVÖLDI NJARÐAR 2025

Föstudaginn / kl. 19 til kl. 24

17.JAN

LÁTUM GOTT AF
OKKUR LEIÐA

Njörður beinir nú athyglinni að
þörfum ungs fólks og styrkir
Geðdeild Landspítalans og
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

Miðaverð: **25 þús. kr.**

Miðapantanir/Nánari upplýsingar:

Hörður: 820 9910, hordsig@simnet.is

Daniel: 893 8090, danielthorarins@simnet.is

Skemmtanastjóri kvöldsins:

ÖRN ÁRNASON

Ræðumaður kvöldsins:

BRYNJAR NÍELSSON

LISTAVERKAUPPBOÐ
OG HAPPDRETTI

Uppboðshaldari: Helgi Jóhannesson



GRAND
HÓTEL
REYKJAVÍK



Lionsklúbbur Mosfellsbæjar 60 ára 2025

– stutt söguágrip



Upphafið

Stofnfundur Lionsklúbbs Kjalarnesþings var haldinn 18. mars 1965. Stofnfélagar voru 21. Móðurklúbburinn var Lkl. Ægir í Reykjavík.

Fyrstu stjórn klúbbsins skipuðu þeir Jón M. Sigurðsson formaður, Tómas Sturlaugsson ritari og Guðmundur Magnússon gjaldkeri.

Það var svo á 10. þingi Lionsumdæmis 109 sem fram fór á Hótel Valhöll á Þingvöllum 1. maí 1965 að klúbburinn hélt sína stofnskrárhátíð.

Eins og fyrr segir hlaut klúbburinn nafnið Lionsklúbbur Kjalarnesþings, ætlaður bæði áhugasömum mönnum í Mosfellssveit og Kjalarneshreppi. Síðar meir var mikið rætt um nafn klúbbsins og voru ýmsar tillögur á lofti. Það var ekki fyrr en veturinn 1988 - 1989 að ákveðið var að breyta nafni klúbbsins og nefna hann eftir heimabyggðinni. Fyrir lok þess starfsárs var nafnið Lionsklúbbur Mosfellsbæjar samþykkt af alþjóðastjórn og ber klúbburinn það nafn síðan.

Fjárafánir

Strax í upphafi varð blómasala á konudaginn og um páskana aðal-fjáröflunarleið klúbbsins. Blómin voru í fyrstu keypt í heildsölu af ylræktarbónda en fljótlega hófu klúbbfélagar innflutning laukanna, niðursetningu þeirra og ræktun sjálfir í gróðurhúsi hjá klúbbfélaga Jóel Kr. Jóelssyni í Reykjahlíð í Mosfellsdal. Á tímabili voru umsvifin það mikil að Lionsklúbbur Mosfellsbæjar seldi öðrum Lionsklúbbum vítt

og breytt um landið blóm í heildsölu. Það var skemmtilegt að eiga samverustundir við blómaræktina og þökkun blómanna og yfirleitt var okkur Lionsfélögunum vel tekið þegar við gengum í hús og buðum falleg blóm. Ef húsfreyjan kom til dyra var spurt um eiginmanninn og þá heyrðum við iðulega kallað „það er til þín elskan.“ Allt tekur þó breytingum og í apríl 1997 var ákveðið að hætta þessari fjáröflunarleið enda var þá nýbúið að opna blómabúð í bæjarfélaginu og gróðurhúsið í Reykjahlíð orðið lélegt.

Fleiri fjáröflunarleiðir hafa verið stundaðar. Á bernskudögum klúbbsins voru seldar ljósaperur, sælgæti, harðfiskur o.fl. Nokkrum sinnum var farið í hreinsunarátak (plokkað) meðfram Vesturlandsveginum. Í mörg ár voru seld sælgætisjóladaगतöl sem flutt voru inn af Lkl. Frey. Á nokkurra ára tímabili náðist samstarf við Sambíóin þar sem klúbburinn fékk forsýningarrétt á einni kvikmynd á ári. Öll innkoma af miðasölunni rann óskipt til líknarmála. Segja má að það sé dálítið sérstakt að fara í bíó og hitta þar fyrir 400 Mosfellinga. Vorið 2005 gerðist klúbburinn undirverktaki við girðingarvinnu á Reykjanesi og lögðu klúbbfélagar fram fjölda vinnustunda við það verkefni og fengu greitt fyrir. Þá ber einnig að nefna vinnuframlag klúbbfélaga við kirkjugarðana að Lágafelli og Mosfelli. Þar hefur klúbburinn nokkrum sinnum tekið að sér margvísleg fegrunar- og ræktunarverkefni, girðingarvinnu, þökulagningu og fleira og fengið greitt fyrir.



Síðustu árin hefur klúbburinn aðallega aflað fjár með því að halda veglegt herrakvöld í Hlégarði þar sem boðið er upp á stórglæsilegt fiskréttahlaðborð. Herrakvöldið er orðið fastur liður í starfsemi klúbbsins, haldið um miðjan febrúar ár hvert. Auk fiskréttaveislunnar sem Vignir Kristjánsson fyrrverandi félagi í Lionsklúbbum sá um í mörg ár meðan hann rak veitingaþjónustu í Hlégarði, er á herrakvöldinu boðið upp á margvísleg skemmtiatriði. Ýmsir valinkunnir ræðumenn eða uppi-standarar/veislustjórar hafa farið á kostum og slegið á létta strengi og söngurinn hefur ómað af vörum veislugesta. Happraðtti með mörgum eigulegum vinningum er einnig fastur liður á þessari kvöldskemmtun og einnig veglegt málverkaupboð. Þetta hefur gefið klúbbum góðar tekjur til líknarmála.

Verkefnin

Rétt er að byrja á að segja frá því sem við köllum „stóra verkefnið okkar“, enda er það líklega stærsta verkefni sem nokkur klúbbur hér á landi og þó víðar væri leitað hefur ráðist í og lokið. Reyndar hafa fleiri en einn af þeim alþjóðaförsetum hreyfingarinnar sem skoðað hafa verkefnið sagt að þetta væri stærsta verkefni sem nokkur Lionsklúbbur í heiminum hefði klárað á eigin spýtur. Um er að ræða byggingu Dvalarheimilis aldraðra í Mosfellsbæ, fyrsta áfanga.

Peningasöfnun til verkefnisins hófst upp úr 1970 og fyrsta skóflustungan var tekin 26. nóvember 1976. Með sérstakri undanþágu skattstjóra voru öll framlög til byggingarinnar frádráttarbær frá skatti og auðveldaði það mjög fjáröflunina bæði meðal einstaklinga og fyrirtækja. Stofnað var m.a. til sérstaks happraðttis til að afla fjár. Bygging hússins reyndi að sjálfsgöðu mjög á þolrif félaganna og þær voru ófár vinnustundirnar sem fóru í byggingarvinnu á kvöldin og um helgar. Þetta var samt gaman og menn gengu fúsir til verka. Verkinu tókst að ljúka farsælega og þann 12. júlí 1980 var húsið afhent Mosfellsbæ fullbúið. Í húsinu voru 2 hjónabúðir og 4 einstaklingsíbúðir ásamt samveruherbergi, geymslum og fleiru. Við aðalinngang var hengdur skjöldur sem greinir frá framtaki klúbbsins. Árið eftir unnu klúbbfélagar svo við standsetningu lóðarinnar umhverfis húsið.

Annað stórt afrek klúbbsins var þátttaka í alþjóðlegu sjónverndarátaki Lionshreyfingarinnar, Campaign Sight First II starfsárin 2005 - 2008. Klúbburinn var þá með langhæsta framlag Lionsklúbba á Íslandi, hæsta

framlag nokkurs klúbbs á Norðurlöndunum og í öðru sæti í Evrópu. Fyrir það framlag mátti bjarga allt að 8.800 einstaklingum frá blindu.

Af öðrum verkefnum má t.d. nefna verðlaunagripi vegna sundmóts 17. júní í mörg ár, og styrki til Ungmennafélagsins Aftureldingar, Björgunarsveitarinnar Kyndils og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Einnig styrki til tækjakaupa á Skálatúnsheimilinu, Reykjadal, íbúðum eldri borgara að Eirhömrum og Endurhæfingarstofnunarinnar að Reykjalundi. Undanfarin ár hefur klúbburinn veitt framlag til hjálparsjóðs kirkjunnar fyrir jólin. Einnig hafa klúbbfélagar tekið þátt í landssöfnunaráttakinu sölu Rauðrar fjaðrar og styrkt alþjóðahjálparsjóð Lionshreyfingarinnar (LCIF).

Þinghald

Árið 1969 tók klúbburinn að sér með mjög stuttum fyrirvara að halda umdæmisþing. Þingið fór fram í Hlégarði og þótti mörgum sem hinum unga klúbbi tækist vel upp. 1992 stóð klúbburinn svo fyrir fjölumdæmisþingi sem fór að mestu fram í Varmáarskóla og í Íþróttahúsinu að Varmá. Undirbúningur þingsins undir stjórn þáverandi formanns Björns Ástmundssonar var mikið verk en skemmtilegt og þjappaði félögum vel saman og styrkti félagsandann. Sú jákvæða reynsla varð til þess að klúbburinn hélt fjölumdæmisþing enn á ný árið 2000. Í fjórða skiptið árið 2010 og þá í samvinnu við Lkl. Úu Mosfellsbæ og í fimmta skiptið vorið 2016 einnig í samstarfi við Lkl. Úu. Fjárhagslegum ágóða af þessum tveim síðasttöldu þingum skiptu klúbbarnir jafnt á milli sín. Þinghaldið fór fram í Lágafellsskóla og nærliggjandi Íþróttahúsi. Magnús Sigsteins-son félagi í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar var formaður þingnefndar bæði skiptin.

Okkur er bæði ljúft og skylt að geta þess að bæjaryfirvöld studdu klúbbinn/klúbbana dyggilega við þessi verkefni með útvegum á aðstöðu í skólum og Íþróttahúsum.

Dótturklúbbar

Klúbburinn hefur nú getið af sér 4 afkvæmi.

Lionsklúbburinn Búi á Kjalarnesi var stofnaður 5. október 1972 og voru stofnfélagar 20. Búafélagar hafa staðið fyrir ýmsum verkefnum bæði á Kjalarnesi og í Kjós. Á tímabili fækkaði þeim Búafélögum talsvert og lá starfið að mestu niðri í 3 ár. Með aðstoð nokkurra félaga úr Lkl.



Mosfellsbæjar var klúbburinn endurvakinn og starfaði með miklum sóma í 5 ár eftir það en var síðan lagður niður.

Lionsklúbburinn Fjörgyn í Reykjavík var stofnaður 14. maí 1990 og voru stofnfélagar 25. Klúbburinn var sá fyrsti sem stofnaður var sem sérstakur hverfaklúbbur í Reykjavík. Lionsklúbburinn Úa í Mosfellsbæ var stofnaður 10. desember 2007 og á veglegri stofnskrárhátíð þann 29. ferbúar 2008 gekk glæsilegur hópur 35 kvenna formlega til liðs við Lionshreyfinguna. Þessi Lionsklúbbur hefur alla tíð starfað af miklum krafti.

Árið 2010 stóð svo klúbburinn fyrir stofnun klúbbdeildarinnar Perlu í Reykjavík með 11 félögum. Þessi deild er mjög sérstök og sú fyrsta sem stofnuð er sérstaklega fyrir blinda félag. Þess ber þó að geta að ekki eru allir félagar deildarinnar alveg blindir.

Félagsstarfið

Það er fleira en fjáraflanir og styrkveitingar sem fylgir því að vera félagi í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar. Samveran á klúbbfundunum sem haldnir eru að jafnaði tvisvar í mánuði yfir vetrartímann er félögunum mikilvæg og fundirnir oftast léttir og skemmtilegir. Oft eru fengnir skemmtilegir fyrirlesarar til að fjalla um áhugaverð mállefni. Stundum er farið í heimsóknir til fyrirtækja og stofnana í bæjarfélaginu í stað hefðbundins fundar. Vinnan við blómaræktunina forðum daga gaf okkur félögunum margar skemmtilegar samverustundir. Einnig eigum við margar góðar minningar frá samverustundum við önnur verkefni.

Golfmótið "Jóel exclusive" sem haldið var árlega á litlum 6 holu golfvelli við gróðurhúsin hans Jóels í Reykjavík þar sem klúbbfélagar – flestir viðvaningar í golfi - reyndu með sér er eitt dæmið um góðan anda í klúbbnum. Þótt ótrúlegt megi virðast hefur aðeins einu sinni brotnað rúða í gróðurhúsinum og hliðarrúða í Bronco jeppa Jóels af völdum golfara.

Golfmótið hefur seinni árin verið haldið í tengslum við árlega útilegu okkar félaganna og maka / fjölskyldu eina helgi í ágúst í Skógarnesi við Apavatn. Þá halda eiginkonur klúbbfélaganna einnig sitt eigið golfmót þar. Í tengslum við þessa árlegu útilegu er óhjákvæmilegt að minnast tveggja frumkvöðla að þessari skemmtilegu samveru, félaganna Guðjóns Kristinssonar (Gauja) og Kristins Hannessonar (Kidda) sem báðir eru látnir.

Að öllu jöfnu hafa verið haldin nokkur makakvöld á hverju starfsári og morgunverðarhlaðborð á sumardaginn fyrsta fyrir félag og fjölskyldur er fastur liður. Einnig hafa félagar farið í útreiðartúr eina kvöldstund á vorin og grillað á góðum stað.

Klúbburinn hefur tvisvar sinnum staðið fyrir utanlandsferðum fyrir félag og maka. Vorið 1979 var farið til Parísar og vorið 2008 til Barcelona. Báðar þessar ferðir tókust frábærlega vel. Einnig má nefna þátttöku margra klúbbféлага og maka í alþjóðþinginu í Las Vegas sumarið 2018.

Ekki verður skilið við félagsstarfið án þess að minnast á þátt eigin-kvenna okkar. Þær hafa alla tíð stutt okkur félagana með ráðum og dád og aldrei látið sitt eftir liggja. Má til dæmis nefna ómetanlegt vinnuframlag þeirra í tengslum við þinghald klúbbsins árin 1992 og 2000. Ein þeirra fékk „Melvin Jones“ viðurkenningu frá klúbbnum árið 2021.

Stjórnarstörf og Alþjóðahjálparsjóðurinn (LCIF)

Með framlagi í Alþjóðahjálparsjóð Lionshreyfingarinnar (LCIF) hafa margir klúbbfélagar verið gerðir að "Melvin Jones" félögum fyrir frábær störf. Klúbburinn hefur auk þess með slíku framlagi veitt örfáum einstaklingum utan hreyfingarinnar „Melvin Jones“ viðurkenningu.

Nokkrir félagar klúbbsins hafa gengt mikilsverðum trúnaðarembættum innan hreyfingarinnar. Má til dæmis nefna að Guðmundur Jóhannesson var umdæmisstjóri 1982 - 1983, Jón Bjarni Þorsteinsson var umdæmisstjóri 1989 - 1990 og fjölumdæmisstjóri 1990 - 1991, Kristinn Hannesson var umdæmisstjóri 2009 - 2010 og fjölumdæmisstjóri 2010 - 2011 og Bragi Ragnarsson var umdæmisstjóri 2022 - 2023. Jón Bjarni var svo fjórði íslenski Lionsfélaginn sem kjörinn hefur verið til setu í alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar en þar sat hann starfsárin 1999 - 2001.

Auk þess hafa nokkrir aðrir félagar klúbbsins átt sæti bæði í umdæmisstjórn og fjölumdæmisráði um mislangan tíma. Kristinn Hannesson var unglingaskiptastjóri Lionshreyfingarinnar á Íslandi 1990 - 2005 og var skipaður í alþjóðastjórn (Board Appointee) starfsárið 2018 - 2019.

Það var okkur klúbbfélagnum svo mikil upphæfð og ánægja þegar Guðrún Björt Yngvadóttir úr Lkl. Eik í Garðabæ, eiginkona Jóns Bjarna Þorsteinssonar félaga okkar var kosin alþjóðaförseti Lions á 101. þingi hreyfingarinnar í Las Vegas sumarið 2018, fyrst kvenna í heiminum. Guðrún Björt kynnist Lions í gegnum klúbbinn okkar og tók þátt í störfum klúbbsins frá 1982, eins og eiginkonur gera gjarnan. Síðan gekk

hún í Lionsklúbbinn Eik 1992. Guðrún Björt var kosin varaforseti Lions 2016 og gegndi hlutverki alþjóðaforseta Lions með miklum sóma starfsárið 2018 – 2019. Sem fráfarandi forseti varð hún formaður Alþjóðahjálparsjóðs Lions og í stjórn sjóðsins til 2023. Hún gegndi því forystuhlutverkinu í 7 ár, var í framkvæmdastjórn Lions International árin 2016-2023.

Kristinn Hannesson félagi okkar lést um aldur fram árið 2023 eftir hetjulega baráttu við illvígt krabbamein. Nokkru áður en hann lést greiddi hann úr eigin vasa framlag í LCIF hjálparsjóðinn og gerði með því alla félaga í klúbbum sem ekki höfðu áður hlotið „Melvin Jones“ viðurkenningu að „Melvin Jones“ félögum. Einstakt framlag sem sýndi vel einlægan hug Kidda til klúbbsins og Lionshreyfingarinnar.

Staðan nú

Félagar klúbbsins eru nú 26. Einn af stofnfélögum okkar, Sigsteinn Pálsson náði því að verða elsti starfandi Lionsfélagi í heimi en þegar hann lést í febrúar 2010 nokkrum dögum fyrir 105 ára afmæli sitt mætti hann enn á nokkra fundi á hverju starfsári.

Reglulegir fundir klúbbsins hafa verið haldnir annan og fjórða fimmtudag hvers mánaðar yfir vetrartímann og eru að öllu jöfnu kvöldfundir (kl. 19.00) þar sem við borðum saman kvöldmat. Á sumardaginn fyrsta er morgunverðarfundur með fjölskyldum klúbbfélaga fastur liður eins og áður er sagt.

Fundarstaður klúbbsins var lengi vel félagheimilið Hlégarður en síðustu ár hafa fundirnir verið haldnir í safnaðarheimili Lágafellssóknar við Pverholt. Klúbburinn hefur lengi haft skrifstofu aðstöðu á annarri hæð í Hlégarði.

Það að vera Lionsfélagi gefur lífinu vissulega gildi. Máltækið "sælla er að gefa en þiggja" á hér vel við því það er staðreynd að ef þú réttir öðrum hjálparhönd og finnur að þú hafir gert gagn, þá ertu jafnframt að gera eitthvað fyrir sjálfan þig.

Að lokum þetta: Við viljum gjarna fá nýja félaga til liðs við okkur.

Unnið upp úr handriti frá Kristni Hannessyni,

Magnús Sigsteinsson



Lionsklúbburinn Fjölnir

Starfið hjá Lionsklúbbum Fjölni hefur verið með hefðbundum hætti í vetur. Nýr félagi var tekinn inn en það var Guðmundur Óli Scheving. Verkefni klúbbsins hafa verið margskonar sem endranær. Við styrktum Dalsskóla og eins styrktum við tvær stúlkur til tónlistarnáms í Svíþjóð. Einnig fórum við í Krýsuvík og starfsemin þar skoðuð og var það gert með styrk til þess starfs í huga.

Nokkrir hafa mætt á fundi með erindi og má þar nefna Thelmu Rós Kristinsdóttir vara umdæmisstjóra sem flutti erindi um starf Lions á Íslandi og erlendis eins kom Ingimar Hannesson og flutti erindi um dómsmál og Jón Eggert var með fyrirlestur um hringferðina um Ísland ásamt ferð um Bandaríkin.

Kristján Ómarsson



Lionsklúbburinn Embla



Emblur í húsi minninganna.



Stjórnarskipti: Núverandi stjórn Emblu, Unnur Jónasdóttir, Kristín Árnadóttir, Ingibjörg Jóna Steindórsdóttir, Ragnheiður Ágústsdóttir og Hjördís Inga Sigurðardóttir.



„Tískusýningardömur“ á Vinkvennaköldi.



Emblur á Alicante.



Veisluborð á Vinkvennaköldi Emblu.



Guðrún Guðnadóttir.



Kristín Björnsdóttir, „Porradrottning“.

Árið hjá okkur stelpunum í L.kl. Emblu á Selfossi hefur verið skemmtilegt og gefandi eins og alltaf. Ein af okkar kröftugu félögum var, Guðrún Guðnadóttir, var útnefnd Melvin Jones félagi. Fljótlega á árinu héldum við þorablót þar sem krýnd var „porradrottningu“ í tilefni af 35 ára afmæli klúbbsins fórum við í vel heppnaða viku ferð til Alicante þar sem við nutum góða veðursins, fórum í morgun leikfimi á ströndina fyrir morgunmat, þær sem nenntu, kíktum í búðir, borðuðum góðan mat og skemmtum hver annarri. En þetta var ekki það eina, því við höldum alltaf mjög skemmtilega lokafundi, og það var engin undantekning á því í vor. Við héldum sem leið lá upp Skeið, með viðkomu í Reykjarétt, þar sem við fengum okkur hressingu, fast og fljótandi, og sungum „Sá ég eftir sauðunum“ Héldum síðan áfram að Flúðum þar sem við skoðuðum skemmtilegt safn sem heitir Hús minninganna, þar sem úir og grúir af gömlum hlutum sem vekja upp margar minningar. Þar fóru fram stjórnarskipti. Síðan héldum við á Sveppaveitingahúsið, þar sem við fengum okkur þessa fínu sveppasúpu og alls konar góðgæti. En lífið er

ekki bara leikur, við öflum fjár til góðverka og þó við tökum okkur frí yfir sumartímann er fastur liður hjá okkur að snyrta rabarbara fyrir sölu hjá Kjartani, rababarabónða á Löngumýri. Stærsta fjáröflunin hjá okkur er Vinkvennakvöld, þar sem 100 konur skemmtu sér sama, við borðuðum góðan mat, þá sýndu klúbbfélagar föt frá versluninni Gallerí Ozone, veglegir happdrættisvinningar voru í boði og að lokum dönsurum við og sungum við frábæran undirleik og söng Hlyns Theódórssonar og Brynju Sifjar dóttur hans. Mikið fjör og mikið gaman. Við leggjum okkur fram um að styrkja aðila í heimabyggð. Á þessu ári höfum við styrkt Dvalarheimilin Ljósheima og Fossheima á Selfossi, Krabbameinsfélag Árnassýslu, VISS vinnustofu og hæfingarstöð og einnig Sjóðin góða, sem úthlutað er úr til bágstaddra fyrir jól.

Kæru lionsfélagar og fjölskyldur við Emblur óskum ykkur og öllum öðrum landsmönnum gleðilegra Jóna, árs og friðar.

F.h. Lionskl. Emblu, Guðmunda Auður Auðunsdóttir, blaðafulltrúi.


Lionsklúbbur Eskifjarðar



Við félagarnir í Lionsklúbbi Eskifjarðar erum búnir að koma fyrir og kveikja á leiðis krossunum sem við sjáum um og þjónustum. Þetta ár hefur veðrið með ýmsum hætti og verkefnið stundum erfitt vegna þess en það er gefandi og við þökkum fólki fyrir stuðninginn.

Kveðja frá okkur í Lionsklúbbi Eskifjarðar.

Ásbjörn Guðjónsson



Nýir lionsfélagar

Lionsklúbburinn Æsa

Ragnhildur Magnúsdóttir

Salbjörg Björnsdóttir

Lionsklúbburinn Fjölur

Guðmundur Óli Scheving

Lionsklúbburinn Kaldá

Sigrún Friðgeirsdóttir

Sólveig Davíðsdóttir

Steinunn Jónsdóttir

Lionsklúbburinn Eir

Auður Jacobsen

Guðný Inga Ófeigsdóttir

Jónína Gunnarsdóttir

Lionsklúbburinn Kaldá



Félagsstarf hefur verið með hefðbundnum hætti í vetur og góð mæting. Á september fundinum gengu þrír félagar til liðs við okkur, Sigrún Friðgeirsdóttir, Sólveig Davíðsdóttir, Steinunn Jónsdóttir. Við bjóðum þær velkomnar í Lionshópinn.

Bingóin á Hrafnistu eru á sínum stað eins og undanfarin ár og alltaf jafn gaman og gefandi.


Við vorum með tvær fjáraflanir í haust, seldum gulrætur eins og í fyrra og plastpoka og fleira. Við styrkjum Mæðra-styrksnefnd Hafnarfjarðar og var afhending styrksins 5. desember.

Bókaklúbburinn Bókaormarnir sem við stofnuðum fyrir rúmu ári lifir góðu lífi góð mæting og glatt á hjalla hjá okkur.

Sameiginlegur Jólafundur Lionsklúbbanna þriggja í okkar heimabæ verður 13. desember og þar munum við skemmta okkur saman eins og okkur er lagið.

Hátíðarkveðjur frá Lkl Kaldá

Jórunn Jörundsdóttir



Í samræmi við starfsreglur og lög Fjöllumdæmis 109 vill Fjöllumdæmisstjórn koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjöllumdæmis og umdæmisþing þau 70. verða haldin í Ólafsvík dagana 25. og 26. apríl 2025. Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjöllumdæmis og umdæmisþingum 2025. Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt lögum Fjöllumdæmis 109.

- 1) **Mál og/eða tillögur sem klúbbar og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi/þingi fjöllumdæmis skulu pósthleggjast umdæmisstjóra/fjöllumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / þing fjöllumdæmis. (Síðasti skiladagur fyrir 70. Lionsþing er því 12. mars 2025).**
- 2) **Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars vara umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2025 – 2026 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2025. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.**
Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í alþjóðalögum Lions:
Til þess að Lionsfélagi sé talinn kjörgengur og hæfur til að vera valinn til að gegna embætti annars varaumdæmisstjóra skal hann/hún:
 - 1) Vera virkur fullgildur og skuldlaus félagi í fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbi með stofnskrá í umdæminu.
 - 2) Hafa tryggt sér stuðnings síns klúbbs eða meirihluta klúbba síns umdæmis.
 - 3) Hafa starfað, eða kemur til með að hafa starfað, þegar hann/hún tekur við embætti annars varaumdæmisstjóra:
 - a) Sem formaður Lionsklúbbs fullt kjörtímabil eða meirihluta þess og hafa verið í stjórn Lionsklúbbs ekki minna en tvö (2) ár til viðbótar; og
 - b) Sem svæðisstjóri, (region chairperson), GET útbreiðslufulltrúi, GLT fræðslufulltrúi, GMT félagafulltrúi, GST verkefnafulltrúi, LCIF- fulltrúi, eða umdæmisritari/gjaldkeri, fullt kjörtímabil eða meirihluta þess.
 - c) Hafa ekki gegnt neinum ofangreindum embættum samtímis.
 - d) Hafa ekki áður verið umdæmisstjóri í fullt kjörtímabil eða meiri hluta þess.
- 3) **Tillögur um framboð til embættis fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2025 – 2026, til embættis vara fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2025 – 2026 skal senda fjöllumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2025. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjöllumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjöllumdæmisstjóra og til embættis vara fjöllumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.**
- 4) **Á þingum umdæma og fjöllumdæmis í Ólafsvík verður:**
 - a) Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2025 – 2026.
 - b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2025 – 2026.
 - c) Kosið í embætti fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2025 – 2026.
 - d) Kosið í embætti vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2025 – 2026.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti fjöllumdæmisráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2024:

- | | |
|---|--------------|
| e) GET stjóri til eins árs | 2025 – 2026. |
| f) GLT stjóri til eins árs | 2025 – 2026. |
| g) GMT stjóri til eins árs | 2025 – 2026. |
| h) GST stjóri til eins árs | 2025 – 2026. |
| i) Umhverfisstjóri til eins árs | 2025 – 2026. |
| j) Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar, formaður til þriggja ára | 2025 - 2028. |
| k) Kjaransorðunefnd, formaður til þriggja ára | 2025 - 2028. |

Embætti sem þarf að kjósa um á þingi fjöllumdæmis en falla ekki undir framboðsfrest:

- | | |
|--|--------------|
| l) Fjöllumdæmisritari til eins árs, | 2025 – 2026. |
| m) Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs, | 2025 – 2026. |
| n) Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs. | 2025 – 2026. |
| o) Aðrir þeir embættismenn sem ráðið telur nauðsynlega og skulu kosnir árlega. | |

Embætti í liðum 4e – 4o eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Kópavogur 5. desember 2024
Geirprúður F. Bogadóttir Fjöllumdæmisstjóri 109 2024 – 2025
Inga Lóa Steinarsdóttir Umdæmisstjóri 109 A 2024 – 2025
Sumarliði Ásgeirsson Umdæmisstjóri 109 B 2024 - 2025

Að klífa fjöll til styrktar börnum

Lionskonur á Everest í apríl 2025; viltu vera með?

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrirv. Alþjóðaforseti Lions



Konur á toppinn

Íslenskar Lionskonur eiga kost á að taka þátt í miklu ævintýri, að klífa Everestfjall, með hópi kvenna í Lions víðs vegar að í heiminum. Tuttugu lionskonur munu fljúga til Kathmandu í Nepal í apríl 2025 til að klífa Everest, fara í grunnbúðirnar sem eru í 5.364 metra hæð. Markmið lionskvennanna er að safna 100.000 dollurum til að byggja skóla í Nepal, sem er sannarlega hvetjandi og verðugt markmið.



Konur klífa fjöll til stuðnings börnum

„Kili for Kids“ heitir hópurinn, verkefnið er mjög sérstakt og framkvæmdin á sér enga fyrirmynd. Hópur kvenna í Lions ákvað að klífa hátt fjall, sem fjáröflun til að styðja börn í neyð. Þetta var gert til heiðurs fyrstu konunni sem varð alþjóðaforseti Lions, Guðrúnu Björt. Þær vildu sýna að konur komast á toppinn og láta gott af sér leiða. Konurnar eru frá mismunandi löndum og þekktust lítið áður, en höfðu sömu hugsjón. Börn í vanda hafa alltaf snert hjörtu lionsfélaga, sérstaklega þau börn sem búa við mikla neyð, eins og í Afríku.



Everest grunnbúðir 2025

Þetta er þriðja ferð hópsins. Gangan tekur 12 daga; ferðin er dagana 12.-27. apríl 2025. Ferðalagið byrjar og endar í Katamandu, en dagsett ferðaáætlun og ýmsar gagnlegar upplýsingar verða aðgengilegar á lions.is

Neðst í greininni eru upplýsingar um hvar er hægt að finna meira um ferðina, meira um hópin og fyrri ferðir.



Maya Sherpa

Leiðsögumaður á Everest verður Maya Sherpa, sem gekk til liðs við hópin strax í byrjun. Hún er ein frægasta og besta fjallgöngukona í Nepal. Hún hefur farið þrisvar sinnum á tinda Everest síðan 2006 og er reyndasti leiðsögumaður sem hægt er að hugsa sér. Maya Sherpa er formaður Lionsklúbbsins Save Himalaya.

Börn í Nepal

Verkefnið er að endurbyggja grunnskóla í Nepal, sem mun gefa börnum öruggt umhverfi og tækifæri á betra lífi og bjartari framtíð. Að sjá björt bros barnanna og ótrúleg áhrif fyrri verkefna varð til þess að þær sáu að hver og skiptir sköpum. Með menntun eiga þessi börn og fjölskyldur þeirra möguleika á betra lífi.



Saman getum við skipt sköpum!

Þetta kjörorð mun leiða hópin næstu átta árin. Markmiðið er að safna einni milljón dollara á 10 árum. Við getum sýnt hug okkar í verki og gefið gjöf sem bjargar mannlífum, breytir lífi margra barna og fjölskyldum þeirra margfalt til hins betra.

Kili4Kids Ambassadors club
Non tracking ambassadors

1.000 dollara framlag



5.000 dollara framlag



10.000 dollara framlag



Kili4Kids sendiherrar

Allir geta gengið til liðs við hópin sem Kili4Kids sendiherrar. Gefðu það sem þú getur og við hjálpumst að við skapa betri heim fyrir börn í neyð. Kili4Kids Sendiherra-Klúbburinn er fyrir þá sem ekki klífa fjallið, en vilja styrkja verkefnið. Hver einstaklingur getur gefið það sem hann treystir sér til. Framlög 1.000, 5.000 eða 10.000 dollara veita stjórnur, græna, rauða og fjólubláa. Það er mikilvægt að þessar hugrökku konur nái markmiðinu og að þessu mikilvæga verkefni ljúki með glæsibrag. Þess vegna leggjum við lið og styrkjum LCIF og Kili4Kids.



Lions Clubs International
FOUNDATION

LCIF er bakhjarl Kili4Kids

Alþjóðahjálparstjóður Lions er bakhjarl verkefnisins og þeir sem styðja þetta frábæra framtak með framlagi til LCIF geta notað það til að safna upp í Melvin Jones tilnefningu. Það snýst bara um svipað framlag til LCIF og venjulega, en merkja það núna „Kili for Kids“. Þeir sem hvort sem er styðja LCIF, með ákveðinni upphæð árlega, þurfa ekki að gera annað þetta árið, en að merkja framlagið „Kili for Kids“.



Fyrsta ferð: Kilimanjaro 2019

Tíu konur frá 10 löndum ákváðu að safna 100.000 dollurum til að styðja börn í neyð. Fyrsta fjallið sem þær klifu í ágúst 2019 var Kilimanjaro sem er 5.895 metrar, hæsta fjall Afríku. Söfnunarféð var notað óskipt fyrir börnin í Amrita Center í Kenya. Amrita Center er heimili og skóli fyrir munaðarlaus börn og börn einstæðra foreldra í Athi River, í nágrenni Nairobi, Kenya. Verkefnið var unnið í samstarfi við Lionsklúbbinn Nairobi Phoenix.



Önnur ferð: Mt. Kenya 2023

Í ágúst 2023 tóku 17 konur frá 17 mismunandi löndum bakpoka sína og ferðuðust til Naíróbí í Kenýa til að undirbúa 2. Kili4Kids góðgerðarleiðangurinn og klífa næsthæsta fjall Afríku, Kenýafjall. Þær náðu Lenana-tindinum í 4.985 metra hæð og markmiðinu að safna 100.000 dollurum (og 20.000 dollurum betur) til að byggja nýja álmu við Mwereni-heimavistar-skólann, sem er fyrir albínóa og sjónskert börn í Moshi í Tansaníu. Frábær árangur, og nú er unnið að bygginguni.



Kili4Kids

„Skref fyrir skref“, alla leið á toppinn. Þetta eru Lions-konur alls staðar að úr heiminum, þær eru stórkostlegar, þær eru hugrakkar, sterkar, ákveðnar, skemmtilegar, bjartsýnar og þrautseigar. Saman sigrast þær á ötta, klífa fjallið og sigrast á hindrunum til að ná lokamarkmiðinu: Að vernda börn gegn óréttlæti og þjáningu.



Íslenskir tengiliðir:

Geirprúður Fanney Bogadóttir: gfbogadottir@gmail.com
og Guðrún Björt Yngvadóttir: gudrun@hraunfolk.net

Upphafskonan á Ítalíu, Inna Flagan:

innaflaga@icloud.com
Tengiliður í Hollandi, Elisabeth Haderer: elisabeth.haderer@meavota.nl

Upplýsingar á vefsíðunni <https://kili4kids.org/>

Facebook: <https://www.facebook.com/groups/704538673351384>

Mörg myndbönd eru líka á Facebook og Youtube m.a.:

Kili for Kids -The "Why": <https://www.facebook.com/watch/?v=181614170752863>
Kili for Kids -The „Climb“: <https://www.facebook.com/watch/?v=300091121614358>
Kili for Kids: Climbing Mt. Kilimanjaro: <https://www.youtube.com/watch?v=N1FgMBIPTRU>
International Women's Day 2022--Kili for Kids: <https://www.facebook.com/watch/?v=621395885612421>

Góða ferð – Gangi ykkur vel !!

Guðrún Björt Yngvadóttir
Fyrirverandi alþjóðaförseti
(og fyrirverandi fjallgöngukona)

Dánarfregnir



Minningargreinar um látna félaga eru birtar á heimasíðu Lions (lions.is) undir flípanum „Minningar“ - „Minningargreinar“. Hér er slóðin: <https://www.lions.is/is/minningarkort/minningargreinar>

Látnir félagar:


Egert J. Levý
Lionsklúbburinn Fjörgyn

Sigríður Þóra Eggertsdóttir
Lionsklúbburinn Rán

Karl E. Loftsson
Lionsklúbb Mosfellsbæjar



Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Mynd: Tryggvi Gíslason.

Ný stjórn tók við stjórnartaumunum fyrsta júlí og eru góðir reynsluboltar við stjórnvölin, Ellert Eggertsson er formaður klúbbsins, Guðjón Bjarki ritari og Geir Hauksson gjaldkeri. Bæði Ellert og Geir eru fyrrum fjölumðemisstjórnar og þekkja vel til starfsins í Lions. Eftir stjórnarskipti var farið að vinna í að raða félögum í nefndir og skipuleggja vetrarstarfið, huga þarf vel að ýmsum málum í byrjun starfsárs þannig að félögunum líði sem best og hafi gaman af vetrar starfinu í Lions. Félagar eru nú þrjátíu og fimm talsins. Sumarferð var farin á vordögum sem tókst með miklum ágætum og voru söfn á Suðurnesjum skoðuð og fl. í lok ferðar var kvöldverður á Hótel Keflavík. Heldur gekk brösuglega að hafa fjölskylduskemmtun í Gróðurreit okkar við Kaldársel eins og til stóð, þar sem votviðrisdagar

voru nokkuð tíðir í sumar. En búið er að slá og snyrta svæðið mála bekkir og borð þannig að svæðið okkar er fallegt og skemmtilegt að dvelja þar með góðu fólki á fallegum sumardegum og upplagt að hafa kaffisopann með. Um miðjan ágúst rofaði það vel til að við gátum logs haldið okkar árlegu skemmtun í reitnum okkar góða. Við heiðruðum Jónatan Garðarsson, með því að sæma hann „Gaflara árs 2024“ í júlíbyrjun í aðsetri okkar að Bæjarhrauni 2. Jónatan er dugmikill maður og hefur fengið viðurkenningar fyrir framúrskarandi störf í þágu íslenskrar tónlistar, útvarps- og sjónvarpsþætti auk annarra starfa. Við sama tækifæri voru stjórnarskipti og í lokin var boðið uppá kaffi og kökur.

Þrír félagar fóru í heimsókn til okkar fyrrum félaga, Ólafs Árna Halldórssonar og færðum



honum Gaflaramerkin okkar frá byrjun, samtals tuttugu og fjögur merki á innrömmuðu spjaldi. Fyrsta barmmerkið „Gaflarinn“ var teiknað og hannað af Ólafi Árna og tekið í sölu sem aðalfjáröflun klúbbsins árið 1999 og hefur verið það síðan með litlum breytingum. Við tókum inn nýjan félaga, Eldjárn Árnason á fyrsta fundi okkar í haust og Gunnar E. Vilbergsson, gamal reyndan lionsmann úr Grindavík var klappaður inn og þeim báðum vel fagnað og alltaf er gaman að fá inn skemmtilega félaga í klúbbinn okkar. Eldjárn er nú þegar tekin til starfa í laganeftnd umdæmisins og er lagafulltrúi klúbbsins. Ákveðið var að fara í kynningu á klúbbum okkar á fésbók með því að senda á markhóp karla í Hafnarfirði, fjörutíu ára og eldri boð um að koma á fund í klúbbum og klúbbfélagar hvattir til að taka með sér gesti. Árangur þessa var að fimm ungir menn komu á fyrsta fund í október, þar sem Lions hreyfingin var kynnt af Jóni Pálmasyri og klúbbstarfið af Ellert formanni og Björgúlfi Þorsteinssyni. Góður gestur, Fabrício Oliveira alþjóðaforsæti, kom til okkar í Hafnarfjörðinn í lok október ásamt öðru góðu Lions fólki til að kynna sér dómastörf okkar félaganna hjá Íþróttafélagi Firði, félag fatlaðra, sem klúbburinn hefur styrkt í um fimmtán ár og fékk Fabrício að reyna sig í Boccía með góðum árangri.



Ólafur Árni Halldórsson, Guðjón, Friðgeir og Gunnar.



Jónatan Garðarsson með Gaflarann, Ellert formaður, Jón Rúnar og Magnús, stjórnarmenn í verkefnaneftnd.



Magnús, Björgúlfur, Eldjárn Árnason og Ellert ásamt Hallgerði Maríu Eldjárnsdóttur.



Klúbbfélagar á fundi í Kænunni.



Áhugasamir ungir menn kynna sér Lions starfið.



Guðbjörg Þóra tekur á móti styrk til Ljóssins frá Ellert formanni.



Jón Pálmason.



Alþjóðaförseti reyndi á hæfileikana í Bocceá.



Björgúlfur Þorsteinsson.



Vala hjálfari Fjarðar og Ellert formaður.



Milestone Chevron viðurkenningar hafar, Magnús Aadnegard, Ólafur Pálsson, Steingrímur Þorvaldsson, Magnús Jónsson, Magnús Baldursson og Friðgeir ásamt Ingu Lóu umdæmisstjóra. Mynd:BP



Gísli Þór og Haraldur Benediktsson 80. ára. Ellert formaður heiðraði þá með Kjaransorðu (gull).

Formaður færði Völu, umsjónamanni íþróttafélagsins góðan fjárfstyrk við sama tækifæri sem eflaust á eftir að nýta okkar ágætu vinum mjög vel. Einnig hefur klúbburinn afhent veglegan styrk í formi greiðslukorta til Mæðrastyrksnefndar ásamt fjórðungs mótframlagi frá versluninni Fjarðarkaupum. Í nóvember fengum við góðan gest, Guðlaugu Þóru Tryggvadóttur iðjuþjálfara, sem sagði okkur frá starfinu í Ljóssinu og framtíðar draumun þeirra, tók síðan við styrk frá klúbbfélögum en klúbburinn hefur styrkt starfsemi Ljóssins frá byrjun. Jólahátíðin er á næsta leiti. Klúbbarnir þeir í Hafnarfirði voru með sameiginlega Jólahátíð í byrjun desember sem tókst mjög vel og var Ingvar Viktorsson veislustjóri að vanda. Góðir gestir komu á síðasta fund okkar í nóvember, þær Inga Lóa Steingrimsdóttir umdæmisstjóri og Guðrún Helga Össurardóttir svæðisstjóri svæði 6, sem sögðu okkur frá starfinu í Lions á skemmtilegan hátt og hvöttu okkur félögana



Inga Lóa Steingrimsdóttir umdæmisstjóri, Ellert formaður og Guðrún Helga Össurardóttir svæðisstjóri svæði 6.

til frekari dæða. Bestu hátíðarkveðjur frá okkur félögunum í Lionsklúbbs Hafnarfjarðar.

Friðgeir H. Guðmundsson
Bláðafulltrúi LKH og MMC formaður. Myndir:
Fhg



Viðurkenning frá Alþjóðaförseta til Lionsklúbbs Hafnarfjarðar.

Markaðu spor



Fabricio Oliveira alþjóðaforseti setti fram stefnu sína fyrir sitt starfsár sem alþjóðaforseti og ætla ég að rifja upp ýmislegt sem hann setti fram því ég tel það góða áminningu fyrir okkur lionsfélaga sérstaklega núna þegar hreyfingin á Íslandi leitar að nýjum leiðtogum í starfið okkar.

Markaðu spor

Það er leiðtogi innan hvers lionsklúbbs. Leiðtogar vita það, með sameiginlegum aðgerðum og skuldbindingu hvers og eins, getum við veitt innblástur og styrkt heilu samfélögin. Við gerum samfélögin heilbrigðari og sterkari en nokkru sinni fyrr og þar með markaðu þeir spor.

Sem leiðtogar sameinum við fólk í gegnum klúbbana okkar og eins þegar við erum að þjónusta aðra. Við hvetjum og hlúum að samvinnu

svo við getum gert ýmislegt sem aðrir segja að sé ekki hægt að gera. Við gefum umhyggjusömu fólki tækifæri til að þjóna með okkur svo þeir geti leitt starfið með okkur. Með hverjum nýjum meðlim sem við tökum inn í klúbbana setjum við okkar mark á framtíðina og með því verður þjónustan markvissari og betri. Saman náum við til fólksins sem þarfnast okkar. Við mögnum upp raddir sem annars myndu ekki heyrast. Við breytum lífi hjá mörgum með því að leggja lið sem Lions gerir út um allan heim. Með hverju lífi sem við snertum, með hverju samfélagi sem við þjónum setjum við mark á fólk og samfélög sem mun standast tímans tönn og aldrei gleymast.

Þýðing: Þorkell Cýrusson

Myndir úr starfi ritstjóra



Í kjölfar fellibylsins Helenu: Aðstoð LCIF vegna hamfara af völdum fellibyls

Eftir Shelby Washington



Fellibylurinn Helena sem skall á suðausturhluta Bandaríkjanna í lok september á þessu ári olli gríðarlegum hörmungum og eyðileggingu. Þessi stormur var sá mannskæðasti sem gengið hefur yfir meginland Bandaríkjanna síðan fellibylurinn Katrín reið yfir árið 2005.

Á þriðja hundrað týndu lífi og yfir fjórar milljónir manna voru í myrkri án rafmagns vegna skemmda á orkuinnviðum. Umdæmisstjóri umdæmis 35-I Patty Jean Strong segir: "Þetta var erfitt. Daginn eftir var ekkert rafmagn, engin samskipti og án rafmagns verða jafnvel minnstu verkefni að bardögum".

Fyrir milljónir breytti stormurinn öllu á augabragði. Lífinu eins og þau þekktu það hafði verið snúið á hvolf. "Þú týnir öllum persónulegum munum þínum. Fjölskyldumyndirnar þínar, brúðkaupsmyndirnar þínar, postulínið hennar ömmu þinnar, jafnvel einfaldir hlutir eins og fötin þín og skór, sem sáu aldrei aftur. Alþjóðahjálparsjóður Lions (LCIF) vissi að fórnarlömbin ættu langan og sársaukafullan bataveg fyrir höndum og samþykkti 11 styrki upp á samtals 335.000 Bandaríkjadali til að bregðast við hörmungum af völdum fellibylsins Helenu".

Níu neyðarstyrki upp á 15,000 Bandaríkjadali hvern til Flórída, Georgíu, Norður-Karólínu, Suður-Karólínu og Tennessee. Þessir styrkir hjálpuðu til við að útvega nauðsynjar eins og vatn, mat, hreinsiefni, hreinlætisvörur, vasaljós og rúmföt.

Að auki fengu fjöllumdæmin 35 í Flórída og 31 í Norður-Karólínu hamfarastyrki (MCAT - Major Catastrophic Grant) upp á 100,000

Bandaríkjadali hvort til að aðstoða enn frekar við heinsun og endurreisn innviða. Ofan á það, til að bregðast við fellibylnum Milton, 5. stigs fellibyl sem reið yfir Flórída innan við tveimur vikum eftir Helenu, fékk umdæmi 35-O Flórída einnig neyðarstyrk upp á 15,000 Bandaríkjadali til að útvega mataráhöld, rúmföt, snyrtivörur, hreinsiefni og niðursoðinn mat fyrir þau sem urðu fyrir áhrifum. "Við hefðum aldrei getað veitt þá samfélagsþjónustu sem við höfum veitt án LCIF og ég get ekki beðið eftir að nota þessa hamfarastyrki (MCAT - Major Catastrophic Grant)," segir Strong.

"Aðstoð með matvæli og aðrar nauðsynjar nær langt til að endurreisa samfélagið, en fyrir marga getur tilfinningalegur stuðningur verið jafn áhrifaríkur. Strong segir: "Þetta snýst ekki bara um efnisleg gæði því þeir hlutir eru forgengilegir. Mannúð og samkennd skiptir máli og það er það sem ég gef. Það sem hefur mest áhrif er samhyggðin. Hér í Flórída höfum við öll gengið í gegnum þessa storma. Við höfum öll orðið fyrir áhrifum af þeim og við vitum hvernig fólkinu líður."

Pegar náttúruhamfarir eiga sér stað eru Lions með þeim fyrstu til að bjóða fram aðstoð. Með styrk LCIF til neyðaraðstoðar getur Lions gert enn meira fyrir samfélög sem hafa orðið fyrir eyðileggingu vegna fellibylja, flóða og annarra meiriháttar hamfara.

Kynntu þér meira um hamfarastyrki á lionsclubs.org/Disaster-Grant.

Þýðing: Anna Blöndal

